



Reykjavík, 5. febrúar 2019
R19020030

Borgarráð

Starfshópur um endurskoðun reglna um réttindi og skyldur stjórnenda og verklagsreglna kjaranefndar

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun reglna um réttindi og skyldur stjórnenda og verklagsreglna kjaranefndar eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að endurskoða reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og verklagsreglur kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Í tillögum að endurskoðuðum reglum skal áhersla lögð á skýrleika þeirra og hvernig þær endurspegli gildandi skipulag stjórnkerfis Reykjavíkurborgar á hverjum tíma eða skuli taka breytingum í takt við breytt skipulag.

Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun reglna um réttindi og skyldur stjórnenda og verklagsreglna kjaranefndar.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun reglna um réttindi og skyldur stjórnenda og verklagsreglna kjaranefndar

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að endurskoða reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og verklagsreglur kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Í tillögum að endurskoðuðum reglum skal áhersla lögð á skýrleika þeirra og hvernig þær endurspegli gildandi skipulag stjórnkerfis Reykjavíkurborgar á hverjum tíma eða skuli taka breytingum í takt við breytt skipulag.

Helstu verkefni:

- Yfirferð ákvæða reglnanna sem tengd eru við kjarasamninga.
- Yfirferð ábendinga og niðurstaðna í skýrslum innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar sem varða réttindi og skyldur stjórnenda.
- Útfærsla á leiðum til að auðvelda stjórnendum að fara úr hlutverki stjórnenda og í hlutverk sérfræðinga eða ráðgjafa þegar liða fer að starfslokum.
- Útfærsla á leiðum til að styðja við stjórnendur ef til erfiðra starfsmannamála kemur sem snúa að stjórnendum sjálfum.
- Skoðun á hvort fækka eigi stjórnendum sem heyra undir kjaranefnd.

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi mannauðsdeildar (formaður)

Fulltrúi borgarlögmanns.

Fulltrúi kjaradeildar.

Starfsmaður:

Starfsmaður frá mannauðsdeild.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti eftir sjónarmiðum kjaranefndar Reykjavíkurborgar, félags stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og stéttarfélagi eftir því sem við á.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili tillögum að uppfærðum reglum eigi síðar en þann 1. apríl nk.

Reykjavík, [Dags.]

Stefán Eiríksson
borgarritari